



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á fjölskylduhátíð
í opinberri heimsókn til Hafnarfjarðar
21. október 2005

Ágætu Hafnfirðingar

Það hefur svo sannarlega verið ánægjulegt að fara um bæinn ykkar fyrr í dag og kynnst fjölpættri menningu og athafnalífi sem setja svip á Hafnarfjörðinn.

Sumum kann að finnast sérkennilegt að forsetahjónin séu að koma í opinbera heimsókn til Hafnarfjarðar, bæði í ljósi þess að Bessastaðir eru í nágrenninu og við nýtum okkur iðulega góða þjónustu sem hér er í boði og líka vegna þess að slíkar heimsóknir hafa einkum verið bundnar við landsbyggðina.

Kannski var það eðlilegt á fyrri tíð að hafa þann háttinn á en nú býr stærstur hluti þjóðarinnar á svæði sem þið kennið gjarnan við Stór-Hafnarfjörð – og því rétt að beina að heimkynnum ykkar kastljósínu sem slíkum heimsóknum gjarnan fylgir og gefa okkur Dorrit tækifæri til að sjá með eigin augum framfarirnar sem hér hafa orðið, hlusta á viðhorf og óskir íbúanna, tengja athafnasemina á öllum sviðum við framfararsókn okkar Íslendinga.

Hafnarfjörður hefur verið og er eins konar samflétta sögu og nýrra tíma. Hér eiga verslun og útgerð djúpar rætur. Bærinn var vagga breytinganna sem smátt og smátt færðu Ísland úr fátækt til meiri efna og hér getur nú að líta uppbyggingu á mörgum sviðum, hverfi í örum vexti, byggingarkrana sem gnæfa við himin, nýja skóla búna sem best má vera, ólgandi íþróttalíf og margt annað sem vísar til framtíðarinnar.

Við Dorrit tókum daginn snemma og að lokinni góðri stund með vistmönnum á Hrafnistu sem í hárrí elli líta yfir farinn veg, gleðjast yfir umskiptunum sem æviverkin hefa skapað, fórum við á Vallasvæðið þar sem húsin rísa hratt, ný byggð orðin til þótt flestir héldu að þar yrði ávallt úfið hraun. Gaman var að kynnst umsvifum verktakanna, sjá glæsilegar

vistarverur sem nú bíða nýrra Hafnfirðinga, skynja kraftinn sem samvinna margra hefur skapað.

Þaðan lá leiðin í leikskólann Stekkjarás og einnig í Lækjarskóla, verðuga fulltrúa þess öfluga fræðslustarfs sem hér er unnið. Skemmtilegt var að sjá gleðina sem einkennir skólagöngu hinna ungu, hve vel er hér hlúð að lönguninni til að læra meira.

Ég hef oft á það minnt að skólarnir eru í reynd orkustöðvar framtíðarinnar, að í þeim muni ráðast hvernig okkur Íslendingum vegnar í samkeppni við þjóðir heims, að menntunin sé úrslitaaflið á nýrri öld.

Áður fyrr var einkum horft til auðlinda hafsins og orkunnar sem býr í fallvötnunum og vissulega skipta þær miklu eins og útgerðarsaga Hafnarfjarðar og Álverið bera vitni um, en nú skiptir þekking fólksins sköpum; þær greinar sem byggja á hugviti og hæfni helsti drifkraftur framfaranna.

Það er táknið um nýja tíma að fyrirtækið sem áður var aðeins lítil lyfjaverksmiðja hér í Hafnarfirði er nú orðið eitt af fjórum stærstu sinnar tegundar í veröldinni, en Actavis byggir eins og kunnugt er fyrst og fremst á þekkingu og þjálfun starfsmannanna. Ferill þess er sláandi vitnisburður um að í hagkerfi heimsins, hagkerfi sem í vaxandi mæli byggist á menntuninni, geta hafnfirsk fyrirtæki á skömmum tíma orðið þau stærstu í veröldinni – og fer þá Stór-Hafnarfjarðarsvæðið að ná mun lengra en til Reykjavíkur.

Það var því einkar ánægjulegt að finna andann í Flensborg, fá tækifæri til að ræða við nemendurna um framtíðina, leggja áherslu á hvernig hægt er að tvinna saman íslenskar rætur og starfsferil á veraldarvísu, njóta eðalkosta þess að vera Íslendingur en geta um leið nýtt tækifæri heimsborgaranna.

Spurningarnar voru skarpar, blandnar glettni, ýtni og viðleitni nemendanna til að veita aðhald, nánast eins og þeir væru að taka forsetann upp á prófi. Mér fannst ágætt að sjá að hin sjálfstæða hugsun lifir góðu lífi í Flensborgarskóla, að aldur þessa merka lærdómsseturs hefur ekki dregið úr áræðninni.

Mér varð líka hugsað til þess á góðri stund með eldri Hafnfirðingum sem okkur hittu í Hraunselinu að ótrúlegar hafa breytingarnar orðið á æviskeiði hinna eldri, og merkilegt að Flensborgarskóli hefur verið kjölfestan í rúma öld, vaxið úr barnaskóla í fjölþætta menntastofnun.

Kynslóðin sem nú lítur yfir farinn veg man þá tíma þegar fátæktin var tíður gestur á heimilum Hafnfirðinga, þegar þröngt var sofið í

bárujárnshúsum í gamla bænum, þegar lífsbaráttan var svo hörð að oft var örvænt um næsta dag.

Það er erfitt fyrir okkur, hvað þá heldur unga fólkið sem nú nýtur velmegunar, að skynja til hlítar erfiðleika þessara ára, hve grátt kreppan lék Íslendinga, hvernig eftirstriðsárin reyndust ýmsum þrautaganga, hve umkomulausir margir voru.

Baráttuandinn sem einkenndi þjóðina á þessum tímum var ríkulegur hér í Hafnarfirði; á vissan hátt var bærinn tákn fyrir átökin sem þá voru í brennidepli. Samt varð hér til merkileg blanda af samstöðu og keppnisanda, sérstakur hafnfirskur blær sem skóp í senn bjartsýni og baráttuvilja, varð grundvöllur framfaranna sem hér hafa orðið og líka íþróttanna sem skapað hafa Hafnfirðingum einstæðan sess.

FH og Haukar eru ekki bara íþróttafélög heldur líka glæsileg tákn Hafnarfjarðar, í senn samherjar og keppinautar, bera hróður bæjarins til ókunnra staða en togast líka á um hvor sé betri.

Meistaratitlarnir hafa safnast hér saman og bikarar borist í hrönnum, Hafnfirðingar í fremstu röð, ærið oft í fyrsta sæti, líkt og nýjustu dæmin sanna. Auðvitað er meistarunum ávallt vel fagnað þegar þeir koma heim með titlana góðu, en samt kann að reynast mest um vert að rækta áfram andann, samstöðuna og félagsþroskann sem íþróttirnar hafa hér skapað, fjölþætt æskulýðsstarf sem bærinn hefur hlúð vel að.

Ég kynntist því vel í fyrra þegar ég sótti afmælishátíð FH hve margir það eru sem að íþróttunum koma – og þá rifjaðist upp fyrir mér, svo ég gæti nú jafnvægis í frásögninni, gleðihátíð með Haukum fyrir nokkrum árum – fjölmenn sveit þar sem fólk úr öllum áttum kom saman, fann styrkinn í samstöðunni, hafði lagt af mörkum fórnfúst starf og fagnað vel á sigurstundum.

Öflugir skólar og íþróttastarf eru besta veganesti sem hægt er að færa ungu fólki og þar er Hafnarfjörður svo sannarlega í fremstu röð. Hér hefur ríkt mikill metnaður á þessu sviði og árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa.

Heilbrigð og hæfileikarík æska er mesta auðlind sem byggðarlög geta eignast; í slíkum eiginleikum liggja vegvísar til nýrra sigra, fyrirheit um farsæld og heill í framtíðinni.

Hafnarfjörður er í senn glæsilegur skólabær og öflug íþróttamiðstöð og hvort tveggja er vitnisburður um glögga framtíðarsýn.

Það er greinilega mikill kraftur sem hér ræður för og gaman að sjá hvernig ólík öfl taka höndum saman.

Heimsóknin hefur veitt okkur Dorrit glögga sýn á samfélag borgar í örum vexti, borgar sem byggir á traustum grunni, gömlum hefðum, en ætlar sér einnig stóran hlut í framtíðinni.

Já, ég sagði borgar, því í reynd hefur Hafnarfjörður á okkar tímum öðlast öll einkenni borgar, þer svipmót slíkra samfélaga eins og þau birtast okkur víða um heim, borgar sem er margbrotin og umfangsmikil, með byggðakjarna og úthverfi í örum vexti, með fjölpætt atvinnulíf og margslunginn menningarbrag. Slík samfélög eiga frekar að bera heiti borgar en vera kennd við það sem við höfum vanist að kalla bæ.

Ég veit að sjálfsagt mun einhverjum ónefndum hér í nágrenninu finnast of í lagt að gefa Hafnarfirði borgarheiti en ykkur Hafnfirðingum finnst það vonandi eðlilegt.

Hvað sem slíkri nafngift líður þá hefur byggðin sem í upphafi var í útjaðri hraunsins, kringum smágerða höfn, með fátæklegum timburhúsum, breyst í stórbæ sem er í örum vexti. Hafnarfjörður sýnir okkur í senn árangurinn af erfiði kynslóðanna og tækifærin sem nýir tímar bera með sér.

Við Dorrit færum ykkur kærar þakkir fyrir móttökurnar, þökkum fyrir að hafa fengið að kynna fjölbreytni, bjartsýni og sóknarhug sem hér setja svip á athafnir fólksins.

Vissulega hefði fleira átt erindi á dagskrá okkar en það sýnir einmitt gróskuna í Hafnarfirði að úr mörgu var að velja.

Við óskum ykkur allra heilla á komandi árum og hlökkum til að fylgjast með vexti Hafnarfjarðar í framtíðinni.